

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

1. mgr. 98. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Hjúkrunarfræðideild ákveður hvaða forkröfur skuli gilda um aðgang stúdenta að einstökum námskeiðum. Til þess að flytjast milli 2. og 3. námsárs í almennu grunnnámi í hjúkrunarfræði má stúdent eiga eftir eitt próf hið mesta úr námsefni fyrri ára. Deildin getur veitt undanþágu frá þessum reglum, ef sérstaklega stendur á.

2. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 7. júní 2019.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.